

BORGARRÁÐ 20. júní 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kæru vegna borgarstjórnarkosninga 2018 - R17040014

Í ljósi þess að dómsmálaráðuneytið hefur fellt ákvörðun sýslumanns um að vísa frá kæru Vigdísar Hauksdóttur vegna framkvæmda borgarstjórnarkosninganna í maí í fyrra og skipað þriggja manna nefnd til að taka afstöðu til kærunnar telja borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks að rétt hefði verið að upplýsa borgarráð um málið og leggja þessa ákvörðun fram í borgarráð til upplýsingar. Óskað er upplýsinga um hvers vegna ekki hafi verið vakin sérstök athygli borgarfulltrúa á málinu í ljósi alvarleika þess. Þá óska borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir upplýsingum um hver hafi verið viðbrögð borgarinnar vegna þessarar ákvörðunar, hver komi fram fyrir hönd borgarinnar í þessu máli og hvort óskað hafi verið eftir gögnum frá Reykjavíkurborg vegna málsins og ef svo er hvaða gögn sé um að ræða.